

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

1864-030-MIN-001-V01

DAGS.

06.08.2024

SENDANDI

Andri Rafn Yeoman

VERKHEITI

Umferðarlíkan Reykjanesbæjar – Vatnsnes aðskipulagsbreyting

VERKKAUPI

Reykjanesbær

DREIFING

Gunnar Kristinn Ottósson (Reykjanesbær)

Hlynur Torfi Torfason (VSÓ)

Anna Sóley Þorsteinsdóttir (Kanon)

MÁLEFNI

Breyting á aðskipulagi Reykjanesbæjar m.t.t. uppbyggingar á Vatnsnesi – samgöngugreining

Inngangur

Unnið er að breytingu aðskipulags Reykjanesbæjar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Vatnsnesi. Hér er stuttlega fjallað um áhrif breytinganna á samgöngur.

Forsendur

Breytingin felur í sér frekari uppbyggingu á svæðinu, bæði m.t.t. fjölda íbúða sem og umfang annarrar starfsemi líkt og sjá má á **MYND 1**.

Núverandi tafla

Tafla 4-4 Miðsvæði: Tölulegar upplýsingar og áfangaskipting

Miðsvæði*	Stærð svæðis [ha]	Núverandi byggingarmagn [m ²]	Leyfilegt byggingarmagn [m ²]**	Íbúðir nú v.-fjöldi	Íbúðarfjöldi heimill ***	Áfangaskipting
M9 ** Vatnsnes/Vikurbraut	18,5	48.240	33.000	173	600	2020-2035

Tafla eftir breytingu

Tafla 4-4 Miðsvæði: Tölulegar upplýsingar og áfangaskipting

Miðsvæði*	Stærð svæðis [ha]	Núverandi byggingarmagn [m ²]	Leyfilegt byggingarmagn [m ²]**	Íbúðir nú v.-fjöldi	Íbúðarfjöldi heimill ***	Áfangaskipting
M9 ** Vatnsnes/Vikurbraut	18,5	48.240	185.000	200	1250	2020-2035

MYND 1 Tölulegar upplýsingar fyrir skipulagstillögunu.

Samkvæmt tillögunni eykst fjöldi íbúða til ársins 2035 um 650 (gildistími aðskipulags) sem og að umfang leyfilegs byggingarmagns eykst um rúmlega 150.000 m².


Samgöngugreining

Vatnsnes er staðsett miðsvæðis í Reykjanesbæ og tengist miðbæ og lífæð bæjarins. Helsta gatnatenging svæðisins er um Njarðarbraut/Hafnargötu sem liggur um suður- og norðurás sveitarfélagsins. Einnig má sjá fyrir sér að umferð til og frá svæðinu muni leita á tengingar í vestur- og austur átt, s.s. um Þjóðbraut, Aðalgötu og Grænásveg.


Einnig má ætla að hluti umferðarinnar muni leita á götur við sjávarsíðuna, þ.e. Ægisgötu til norðurs og Bakkastíg til suðurs (sjá **MYND 2** og **MYND 3**).

Til að einangra áhrif breytingarinnar á akandi umferð sem skapast vegna aukins byggingarmagns á Vatnsnesi var stuðst við umferðarlíkan Reykjanesbæjar. Tvær sviðsmyndir voru skoðaðar, þ.e. með og án aukinnar uppbyggingar á Vatnsnesi. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir annarri uppbyggingu innan sveitarfélagsins skv. gildandi aðalskipulagi 2035, bæði m.t.t. byggðar og samgönguinnviða. Þá er m.a. gert ráð fyrir Ofanbyggðarvegi og breyttu fyrirkomulagi Reykjanesbrautar í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Á eftirfarandi myndum má sjá mismunakort milli sviðsmyndanna af umferð til og frá svæðinu þar sem rauðar línur tákna umferðaraukningu vegna aukins uppbyggingarmagns og þykkt línanna tákna umfang umferðarinnar. Einnig má sjá dæmi um hvað má búast við að umferð aukist mikið á hefðbundnum virkum degi árið 2035. Mest er aukningin á Njarðarbraut/Hafnargötu eða um 1.700 ökutæki á hefðbundnum virkum degi árið 2035.



MYND 2 Mismunakort: Breyting á akandi umferð vegna tillögunnar. Mynd sem sýnir stóran hluta sveitarfélagsins.



MYND 3 Mismunakort: Breyting á akandi umferð vegna tillögunnar. Mynd sem sýnir áhrifin við og á greiningarsvæðinu.

Unnar hafa verið fleiri sviðsmyndir samhlíða uppfærslu umferðarlíkans Reykjanesbæjar, m.a. fyrir núverandi ástand 2024 sem byggir á talningum sem unnar voru þá. Að auki er litið til nokkurra valkosta varðandi fyrirkomulag Reykjanesbrautar samhlíða gerð frumdraga vegna breikkunar Reykjanesbrautar milli Fitja og Rósaselstorgs. Unnin hafa verið tvö spátílfelli, annars vegar fyrir 2035 sem er lok gildistíma gildandi aðalskipulags og hins vegar spá sem nær til lengri tíma í samræmi við áætlanir Kadeco (K64) til ársins 2050. Niðurstöður þeirra greininga auk helstu forsenda má nálgast [hér](#).

Fyrri greiningar hafa sýnt að álag á Njarðarbraut og Hafnargötu getur orðið umtalsvert til framtíðar, sér í lagi ef heimildir í gildandi aðalskipulagi verða fullnýttar. Mikilvægt er í því samhengi að horfa til samgönguinnviða sveitarfélagsins í heild, s.s. varðandi fjölda og fyrirkomulag tenginga byggðar í Reykjanesbæ við Reykjanesbraut, hlutverk Ofanbyggðarvegur í að létta og dreifa álagi vegna innanbæjarumferðar o.s.frv. Greiningarnar undirstrika einnig mikilvægi þess að styðja við fjölbreytta ferðamáta innan sveitarfélagsins, s.s. almenningsamgöngur og innviði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur (sem nýtast einnig örflæðisfaramátum). Í því samhengi þarf sérstaklega að líta til leiða sem nýtast skólabörnum á leið til og frá skóla og tómsunda. Með aukinni uppbyggingu á Vatnsnesi þyrfti einnig að líta til þess hvort þörf sé að aðlaga leiðir almenningsamgangna og stöðva þannig að kerfið þjónusti svæðið betur. Samtímis þarf að huga að skynsamlegu framboði bílastæða og stýringu þeirra, s.s. með gjaldtöku og bjóða upp á deililausnir.

Vatnsnes er staðsett nokkuð miðlægt í Reykjanesbæ og í námunda við helstu byggðasvæði sveitarfélagsins, s.s. verslun og þjónustu. Með því að mynda þar þétta og blandaða byggð má þannig stuðla að því að bjóða íbúum upp á atvinnu, verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu. Með því má stytta lengd ferða og ýta undir að þær séu farnar með vistvænum hætti. Þannig má ætla að herra hlutfall ferða sem farnar eru til og frá svæðinu verði farnar með öðrum faramátum en akandi í samanburði við almennt í sveitarfélaginu. Aðrar ákvarðanir, s.s. varðandi fjölda og fyrirkomulag bílastæða, aðgengi að almenningsamgöngum og gæði stígatengingar á og við svæðið hafa þar einnig mikið að segja.

Samantekt

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér aukna uppbyggingu á Vatnsnesi sem óhjákvæmilega leiðir til aukinnar ferðamyndunar og álags á nærliggjandi samgönguinnviði, s.s. fyrir akandi umferð um Njarðarbraut og Hafnargötu. Í samhengi við heildaruppbyggingaráform aðalskipulagsins til 2035 er þó um takmarkaða uppbyggingu að ræða og áhrifin því talin óveruleg þegar litið er til sveitarfélagsins í heild. Staðsetning svæðisins og fyrirhuguð þétting og blöndun felur í sér tækifæri til að stuðla að aukinni notkun vistvænna ferðamáta, þ.e. minni hlutdeild akandi umferðar og dreifðu álagi og þannig nýtingu innviða.